

LÖG OG REGLUGERÐIR SAMBANDSAÐILA

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, hvetur sambandsaðila til þess að setja úrræði og/ eða viðurlög inn í lög og/eða reglugerðir hjá sér varðandi óvirk aðildarfélög og félög sem ekki skila starfsskýrslum í skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

Greinargerð:

Starfsskýrslur eru grundvallarupplýsingar um umfang og eðli starfs aðildarfélaganna innan hreyfingarinnar. Þær nýtast bæði við stefnumótun, í upplýsingagjöf til stjórnvalda og sem forsenda fyrir úthlutun fjárframlaga. Þegar félög skila ekki inn starfsskýrslum verður myndin af starfsemi hreyfingarinnar skökk og það getur leitt til skekkju í úthlutun fjármuna og dregið úr trúverðugleika gagnvart stjórnvöldum og samstarfsaðilum.

Óvirk félög, sem ekki ganga frá skilum eða eru í reynd ekki starfandi, geta jafnframt haft áhrif á lýðræðislegt starf innan sambanda og hreyfingarinnar í heild. Nauðsynlegt er því að sambandsaðilar hafi skýr úrræði og/eða viðurlög í sínum lögum og reglugerðum til að bregðast við slíkum aðstæðum.

Vísað til: